

**Ed.**

## **177. Nefndarállt**

um frumvarp til laga um lögræði.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir haft frumvarp þetta til meðferðar á mörgum fundum og athugað það eftir fóngum. Þó að skiftar sjeu skoðanir um þörfina á breytingu þeirri á fjárráða-aldrinum, sem frumvarpið gerir, vill hún þó eftir atvikum leggja það til, að frumvarpið, sem fengið hefir vandaðan undirbúning, nái fram að ganga. Nefndinni þótti málið á frumvarpinu víða óviðfeldið og ýms orð og nýnefni ekki viðunandi. Hún hefir því orðið ásátt um svo margar orðalagsbreytingar, að hentugast þótti að orða sumar greinarnar upp aftur, og mun gerð grein fyrir helstu breytingunum í framsögunni. Hin eina verulega efnisbreyting, sem vjer stingum upp á, er sú, að fella burt það ákvæði frumvarpsins, að lögráðamaður megi ekki vera hjú, og þykir ekki þörf á að rökstyðja það frekar nú, er vinnuhjú hafa öðlast kosningarrjett og kjörgengi til Alþingis, kosningarrjettinn til neðri deildar við sama aldurstakmark, sem sett er í 11. gr. frumvarps þessa fyrir lögráðamann, enda er það vitanlegt, að í hjúastjett er oft fult eins ráðsett, vandað og byggið fólk eins og hitt, sem ekki er í vist.

### **BREYTINGARTILLÖGUR**

vorar eru þær, er nú skal greina:

1. Fyrirsögnin orðist svo:

#### **FRUMVARP**

til laga um lögráð.

2. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

1. gr.

Lögráð eru tvens konar, sjálfsráð og fjárráð. Fullráða er sá eða sú, er hvortveggja lögráðin hefir.

3. 2. gr. frv. orðist svo:

2. gr.

Karl og kona eru sjálfsráða 16 ára, nema swift sjeu sjálfsráðum. Sjálfsráða maður ræður einn sínu, öðru en fje, sje annað ekki áskilið að lögum, svo sem er í 6. lið 3. gr. tilsk. 30. apríl 1824, sbr. konungsbrj. 7. desbr. 1827, í 20. gr. tilsk. 25. sept. 1850 og í 1. gr. laga 18. maí 1882, nr. 9. Rjúfi sjálfsráða maður lögættar skuldbindingar sínar, bæti af fje sínu.

Ráðstafanir sjálfsóráðs eru ógildar.

4. 3. gr. frv. orðist svo:

3. gr.

Foreldrar ráða í sameiningu fyrir sjálfsóráða börn sín. Nú er annað foreldra látið, og hefir þá hitt ráð fyrir börnunum, nema kvænst eða gifst hafi aftur. Þá hafa hjónin í sameiningu ráð fyrir þeim. Nú eru foreldrar látnir, en stjúpforeldri á lífi, og hefir þá stjúpforeldri ráð fyrir börnunum, sjeu þau á framfæri þess. Sjeu foreldrar skilin að fullu eða að borði og sæng, þá hefir hvort þeirra ráð fyrir þeim börnum, sem hjá því eru. Þetta haggar þó eigi sjerstökum lagaákvæðum, svo sem um uppfræðslu barna í trúarbrögðum, sbr. 8. og 9. gr. laga 19. febr. 1886, nr. 4.

Móðir hefir ráð fyrir óskilgetnu barni sínu.

Nú má hvorki foreldri nje stjúpforeldri hafa ráð fyrir barni, og hefir skipaður lögráðamaður þá ráð fyrir því til sjálfsráða-aldurs.

5. 4. gr. frv. orðist svo:

4. gr.

Fjarráða eru bæði karl og kona 21 árs gömul, enda óswift fjárráðum. Ekkjur og konur, sem skilið hafa við bændur sína að fullu eða að borði og sæng, eru fjárráða, þó að yngri sjeu en 21 árs.

Fjarráða maður ræður einn fje sínu, jafnt til hvers konar ábyrgðar fyrir aðra sem til eigin þarfa, nema því að eins, að öðru vísi sje sjerstaklega áskilið, svo sem í 4. og 15. gr. laga 12. jan. 1900, nr. 3.

Ráðstafanir ófullráða manns um fjármál eru ógildar, nema því að eins, að þær lúti að sjálfsaflafje eða gjafafje, eða öðru vísi sje sjerstaklega ákveðið, svo sem í 2. gr. nýnefndra laga.

6. 5. gr. frv. orðist svo:

5. gr.

Nú er sjálfsráða maður eða fjárráða ekki fær um að ráða sjer eða fje sínu sjálfur vegna vanheilsu eða vanþroska á sál eða líkama, eða af öðrum ástæðum, svo sem vegna drykkjuskapar eða eyðslusemi, og skal hann þá swiftur sjálfsráðum eða fjárráðum eða hvorutveggja, og honum skipaður lögráðamaður.

7. 6. gr. frumv. orðist svo:

6. gr.

Hjéraðsdómarar hafa úrskurðarvald um svifting lögráða. Úrskurður um lögráðasviftingu skal upp kveðinn í rjetti að varnarþingi ráðsviftings. Að öðru leyti fer um lögráðasviftingu eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um sviftingu fjárráða. Úrskurðinum má sá, sein sviftur er lögráðum, skjóta til landsyfirdóms, og hið sama geta í hans stað gert maki, foreldri, sonur eða dóttir, systkin eða jafnmægðir, ef lögráða eru.

Á sama hátt skal að fara, er feld skal niður lögráðasvifting.

8. 7. gr. frv. orðist svo:

7. gr.

Dómarar skulu í úrskurðum um svifting lögráða kveða skýlaust á um það, hvort maður sje sviftur sjálfsráðum eða fjárráðum eða hvorutveggja, enda skal getið ástæðnanna.

Úrskurðinn skal birta með stefnuvottum fyrir ráðsviftingi sjálfum eða næsta venslamanni, sje hinn að lækniadómi vitskertur. Svo skal og birta úrskurðinn í lögbirtingablaði landsins og þinglýsa honum að varnarþingi ráðsviftings.

Ef ráðsviftingur á fasteign eða hjer skrásett skip, eða reki hann atvinnu, sem geta ber eða getið er í verslunarskrá, þá skal þinglýsa úrskurðinum á varnarþingi fasteignar eða skips og bóka athugasemd um hann í verslunarskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum þeim stjórnarvöldum, er um hann þurfa að vita. Fyrir þinglýsinguna skal ekkert gjald greiða.

9. 8. gr. frv. orðist svo:

8. gr.

Þær ráðstafanir skulu vera ógildar, sem ráðsviftingur hefir gert eftir þinglestur úrskurðarins að varnarþingi hans. Ráðstöfun á fasteign eða skipi skal vera ógild, ef gerð er eftir að úrskurðurinn er fyrir fram innfærður í þinglýsingabók, enda sje úrskurðinum þinglýst innan lögboðins tíma. Sje um gerning að ræða, er snertir skráningarskyldu eða skráða atvinnu, skal rita athugasemd um hann í verslunarskrána.

Gildar skulu metnar gerðir ráðsviftings, sem framkvæmdar eru áður en fullnægt er framangreindum ákvæðum um þinglýsing, fyrir fram innritun og atvinnuskraening, nema það sannist, að sá, er hagsvon átti af ráðstöfuninni, hafi vitað um úrskurðinn, þótt óþinglýstur eða óskráður væri.

Skylt er sýslumanni eða bæjarfógeta, að viðlögðum skaðabótum eftir venjulegum reglum, að geta úrskurðarins í þinglýsingabók fasteigna og í skipaskrá og verslunar, þegar honum er sent eða afhent úrskurðareftirrit eða eintak af Lögbirtingablaði, þar sem úrskurðurinn er birtur.

10. 9. gr. frv. orðist svo:

9. gr.

Nú er skotið til landsyfirdóms úrskurði um lögráðasvifting, og skipar þá dómstjóri löggiltan málaflutningsmann við yfirdóminn til að sækja málið af hendi

ráðsviftings, og annan til varnar. Hvor málsvara getur lagt fram nýjar skýrslur í yfirdómi, og, ef svo ber undir, krafist rannsóknar í hjeraði um málavexti. Málskostnaður í yfirdómi greiðist af almannafje, og fer um meðferð málsins þar sem um opinber mál.

Úrskurði yfirdómur rannsókn málavaxta í hjeraði, skal hún fram fara að hætti almennra lögreglumála, enda skal útvega þær skýrslur, sem yfirdómur krefst. Skipa skal þá jafnan valinkunnan mann til þess að gæta rjettar ráðsviftings. Málskostnaður í hjeraði greiðist og af almannafje.

Hafi úrskurður um lögráðasviftingu verið fenginn með röngum skýrslum, á að dæma þann eða þá, sem um það reynast sekir, til þess að greiða að skaðlausu allan þann kostnað, sem lögráðasviftingin hefir haft í för með sjer; sæti að öðru leyti ábyrgð að lögum.

11. 10. gr. frv. orðist svo:

10. gr.

Dómstjóri sendir stjórnarráðinu þegar eftirrit af úrslitaurskurði yfirdóms, en það sendir aftur stjórnarvöldum þeim, er málið ber undir. Hafi yfirdómur felt úrskurð hjeráðsdómara úr gildi, ber þegar að draga yfir hann í embættisbókum og aflýsa honum, hafi honum verið þinglýst, hvorttveggja endurgjalds-laust.

12. 11. gr. frv. orðist svo:

11. gr.

Nú er maður ólögráða sökum æsku eða er sviftur sjálfsráðum eða fjárráðum eða hvorutveggja, og skal þá sýslumaður hans eða bæjarfógeti skipa honum lögráðamann, sjálfsóráða fyrir æsku sakir þó því að eins, að lögborinn ráðamaður sje ekki til. Þær skipanir, sem gerðar hafa verið samkvæmt gildandi lögum, standa þó óraskaðar, þangað til lögráðum er náð.

Skipaður lögráðamaður má ekki yngri vera en 25 ára, enda sje hann ráðvandur maður og ráðdeildarsamur, sæmilega að sjer, heill heilsu og fjár sins ráðandi.

Lögráðamann skal skipa karl eða konu, næsta að frændsemi. Föðurfrændur ganga fyrir móðurfrændum, alsystkini fyrir hálsystkinum, eldri maður fyrir yngri, jafnáninna. Um stjúpforeldra gildir sama og foreldra, enda beri stjúpforeldri framfærsluskylda og sje henni fullnægt.

Sje ólögráða maður óskilgetinn, ganga móðurfrændur fyrir öðrum. Þó má skipa föður, sje móðir ekki til, hafi hann þinglýst barninu, ættleitt það eða arfleitt.

Móðurfrændur óskilgetins barns ganga fyrir öðrum frændum til fjárráða.

13. 12. gr. orðist svo:

12. gr.

Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns skuldbindur sjálfsóráða, svo sem gerð væri af sjálfum honum sjálfsráða, nema annað sje tilskilið að lögum, svo sem í 1. gr. laga 16. sept. 1893, nr. 15, í 2. gr. laga 12. janúar 1900, nr. 3, og í 1. gr. laga 30. júlí 1909, nr. 45.

14. Í 13. gr. komi á tveim stöðum: fjároráða í stað »ó-fjárráðan« og »ó-fjárráðs«, og fjárráða í stað »fjárráður«.

15. 14. gr. orðist svo:

14. gr.

Um stöðu lögráðamanns gagnvart fjároráða og yfirfjárráðanda fer samkv. nefndri tilsk. 18. febr. 1847 og öðrum þar að lútandi ákvæðum, svo sem í 83. gr. skiftal. 12. apríl 1878.

16. 15. gr. orðist svo:

15. gr.

Þeir, sem orðnir eru 18 ára, en ekki fulls 21 árs, þá er lög þessi öðlast gildi, eru hálfraðir fjár síns, og fer að öllu leyti um þá eftir gildandi lögum, þangað til þeir verða fulls 21 árs. Að öðru leyti er hálfraði um fjármál úr lögum numið.

Lögin taka jafnt til þeirra, sem orðnir eru fulls 21 árs áður en þau ganga í gildi, sem til hinná, er ná þeim aldri síðar.

17. Í 16. gr. komi

1. í stað orðsins »gildi« orðið:  
lögum.

2. Í stað niðurlags greinarinnar, frá orðunum »þar á meðal« til enda, komi í sjerstakri málsgrein:

Í 5. gr. laga 16. sept. 1893, nr. 15, komi: 16 ára í stað »18 ára«.

Alþingi, 25. júlí 1917.

Magnús Torfason,  
form.

H. Hafstein,  
ritari.

Kristinn Danielsson.